



Alþingi
Erindi nr. P 138/1093
komudagur 25.2.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

24. febrúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 með síðari breytingum (þingskjal 360 – 308. mál).

Deildarráð hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem fram eru settar í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu (nr. 40/2007) þar sem lagt er til að felld verði brott ákvæði um yfirlækna, yfirhjúkrunarfræðinga og deildarstjóra hjúkrunar. Breytingar þessar varða 10. gr. og 17. gr. laganna um fagstjórn og heilsugæslustöðvar. Í frumvarpinu segir að ekki sé talin nauðsyn á að kveða nánar á um innra skipulag heilbrigðisstofnana í lögum. **Deildarráð hjúkrunarfræðideildar er þessu algerlega ósammála.**

Fagleg stjórn hjúkrunar í nærumhverfi sjúklinga, sem stýrt er af hjúkrunardeildarstjórum, er ein af grunnforsendum gæðþjónustu, ekki síst þar sem bráðveikum og langveikum er sinnt, sem aftur er forsenda þess að hægt sé að sinna kennslu og þjálfun nemenda í hjúkrunarfræði. **Rannsóknir sýna að tengsl eru á milli fagiegrara stjórnunar hjúkrunar og árangurs nemenda í klínísku námi.**

Hjúkrun er að því leyti ólík annarri heilbrigðisþjónustu að hún á sér stað yfir allan sólarhringinn meðan sjúklingur dvelur á heilbrigðisstofnun. Mikilvægt er að fagleg yfirsýn og stjórnun sé í höndum hjúkrunardeildarstjóra. Auk þess að greina hjúkrunarþarfir, skipuleggja og veita hjúkrun, felur starf hjúkrunarfræðinga í sér að samhæfa þjónustu við einstaka sjúklinga og sjúklingahópa svo að þörfum þeirra sé mætt. **Eingöngu hjúkrunarfræðingar hafa til þess menntun og þjálfun að greina, skipuleggja og stýra hjúkrun sjúklinga.**

Niðurstöður nýlegra rannsókna staðfesta að þar sem stjórnun og samhæfing hjúkrunar er í höndum hjúkrunarfræðinga og þar sem sérfræðipækkingu í hjúkrun er beitt reiðir sjúklingum best af. Slíkt umhverfi er einnig það ákjósanlegasta til að þjálfar heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar. **Hætt er við að gæðum þjónustunnar og þar með öryggi sjúklinga sé verulega ógnað verði fallið frá lögbindingu faglegrar stjórnar hjúkrunar og ákvarðanatöku í nærþjónustu við sjúklinga.**

Virðingarfyllt,

Guðrún Kristjánsdóttir,
Prófessor og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar
Háskóla Íslands
Eirbergi, Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík
s. 525-4973, netf. gkrist@hi.is